

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Kópavogsbraut 69 og 71. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 13. september 2022 breytt deiliskipulag fyrir lóðirnar nr. 69 og 71 við Kópavogsbraut.

Breytingin felst í fjölgun íbúða á hvorri lóð úr einni í tvær og byggingarmagn á hvorri lóð eykst úr 230 m<sup>2</sup> í 356 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,35 í 0,49. Hámarkshæð byggingarreits við götu verður 3,61 m. Bílastæðum fjölga úr þremur í fjögur á hvorri lóð, fallið er frá bílageymslum.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 25. janúar 2023.*

**Auður Dagný Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 8. febrúar 2023